Kæru lesendur!

Gætið þess, að fara vel með blaðið, og láta það ganga greitlega.

---

# Viljinn.

Útgefandi U. f. M.

Ritstjóri: Jón Eiríksson.
Meðritstj.: { séra Hannes Árnason
Agnar Baldvinss.

II. ár. — 1. blað.

22. jan. 1921.

## Boðleið - Viljans

1. Litlidalur.
2. Brekkukot.
3. Minni-Akrar.
4. Stóru-Akrar.
5. Höskuldsstaðir.
6. Miðhús.
7. Þorleifsstaðir.
8. Vaglir.
9. Hrólfsstaðir.
10. Mikilibær.
11. Víkurkot.
12. Víðivellir.
13. Hella.
14. Miðsitja.
15. Sólheimar.
16. Sólheimagerði.
17. Úlfsstaðir.

Skilist til bókavarðar L. F. M.
að Miklabæ.

---

### Efni:


| | | |
|---|---|---|
| Forni Viljinn. | Bls. | 1-2. |
| Hugleiðingar | — | 3-16. |
| Bréf. | — | 17-22. |
| Vísupartur. | — | 22. |
| Litli fuglinn. | — | 23-26. |


## Forni Viljinn.

Skunda gerði um grundu,
góður Viljinn og fróður.
Inni fólkið að finna,
færði því kost og næði,
sál þess. Á sóma máli
sagði margt aldrei þagði.
Ræðum og kátum kvæðum,
kenni hann rétt að unna.

Lengi hann lék á strengi,
ljóðagígjunnar góðu.
Gladdi heldur en hræddi,
huga sem lítið dugar.
Gleði ævi löngum léði.
Ljós sem að mátti hrósa.
Svona er það karl og kona,
krafti Viljans fer aftur.

Glöddu rekkar og raddir,
rök sem að hrundu sökum.
Unnu karlar sem konur,
kveri saman og tveir.
Gaman þeir gerðu saman.
Gátur sem ollu hlátur.
Heyra þar mátti meira.
Snildar bögur og gildar.

Hreinar og góðar greinar,
gjörðu halir og vörðu.
Festu þeir beittu bestu.
Búnir að rita línur.
Eggja ég síðast seggi
setja í blaðið og hvetja.
Skiljið nú við ei Viljann.
Vinir það gerðu ei hinir.

Bróðir.



# Hugleiðingar.

„Búist þú ætíð við hinu illa, hið góða skaðar ekki", segja margir, og sumum virðist þetta boðorð gott og ákjósanlegt til eftirbreytni. En „sýnum augum lítur hver á silfrið", segir annar málsháttur, og á hinn fyrnefnda málshátt lít ég dálítið öðrum augum en sumir af samferðamönnum mínum. Reyndar getur skeð að ég leggi full stranga merkingu í orðtækið, en því er nú svona varið, með svo marga að þeir taka sumt eftir bókstafnum, sem í rauninni er líkingamál, eða á annan hátt talað eftir öðru orðaskipunarlögmáli en hinu hversdagslega.

Í andlegum skilningi virðist mér
þetta orðtak koma í bága við allar
heilbrigðar lífsskoðanir. En sum-
um mönnum er þannig háttað
að þetta boðorð er í fullu samræmi
við eðli þeirra. Og þessa menn
köllum við svartsýnismenn, eða
svo geri ég. Og enginn er aum-
kunarverðari en maður með
þannig lífsskoðanir.
Það er sagt að hugsunin skapi
manninn, og liggur þá ekki í
augum uppi, að sá sem býst
altíð við hinu illa, verði mikl-
fremur ólánsmaður, en hinn sem
lítur á alt frá bjartari hliðinni?
Jú – það er fullsannað að slík
og ákveðin hugsun um ókomið
og yfirstandandi ólán, greiðir
einmitt óláninu götuna til manns
og dregur úr mótstöðuaflinu.



Við höfum heyrt að þar sem
næm sóttveiki er á ferðinni, þá
sé þeim hættara að taka veikina,
sem stöðugt eru hræddir og
kvíðandi, vegna sýkingarhættunnar.
Og samkvæmt þeirri kenningu,
er öll bölsýnis- og ógæfuhugsun
háskaleg og skaðsamleg andlegri
heilbrigði mannsins.
Reyndar má líta á þennan
áðurnefnda málshátt öðrum aug-
um – eða frá öðru sjónarmiði.
Hann getur t.d. verið íslenska
bóndanum eftirbreytnisverður,
þegar þess er gætt hve íslensk
veðrátta er óstöðug og duttlunga-
söm, því eins og við vitum er
hann (bóndinn) og atvinnuvegur
hans svo mikið háður breyting-
um tíðarfarsins.

Bóndinn sem býst við illum og hörðum vetri setur betur á, en hinn sem hugsar með sér að hann verði góður og vægur veturinn sé annar, og segir við sjálfan sig: „Það slarkar af einhvernveginn."

Þetta getur tæpast heitið bjartsýni. Að minsta kosti er það einhver sérstök tegund bjartsýnis, sem varla verður sagt um, að sé af göfugum eða réttum rótum runnið. Í fyrsta lagi: vegna þess að slík vogun getur valdið hlutaðeiganda fjárhagslega tjóni, og í öðru lagi: vegna þess (að slíkt er rangt gagnvart málleysingjunum sem undir hann eru gefnir og hafa sínar tilfinningar. Bölsýnið hefur margvíslegar og illar afleiðingar, ekki einungis fyrir hlutaðeiganda sjálfan



heldur og fyrir meðbræður hans. Eða með öðrum orðum sagt, getur svartsýni maðurinn smitað út frá sér, og komið öðrum á svipaða skoðun, og valdið honum þannig andlegu tjóni.

En hinn sem er glaðlyndur og bjartsýnn getur líka smitað út frá sér, en þau áhrif eru holl og uppbyggileg sem frá honum stafa, en það er alt of sjaldan sem við finnum slíka gimsteina á lífsleiðinni. Þá maður getur litið björtum augum á sjálft ólánið, og þó ein borg hrynji, reisir hann strax aðra á traustari grundvelli, því þó maðurinn sé bjartsýnn, þá fer þó ekki hjá því (að hann þurfi einhverntíman á beisku að bíta því;

- - Lindin sýnir fyrst
lífsþrótt sinn,
þegar lögð er stífla
í farveginn. -

Ég kemst aldrei á þá skoðun, að lífsgleðin sé ekki besta eignin sem nokkrum getur hlotnast, hrein lífsgleði; Ekki gleði maurapúkans sem situr á gullhrúgunni, og lítur smáum augum hversdagslegan fátæklinginn; heldur gleði hans sem breytir í einu og öllu, eftir lögmáli því er liggur inst í hugskoti hans, og lifir eftir þessum gullvægu orðum: - Það sem þú vilt að menninir gjöri þér, það skalt þú og þeim gjöra: Þessi orð fela í sér alt siðgæðis-lögmál, og til þess að minna okkur á þetta lögmál, hefur



skaparinn gefið oss, ófrávíkjanlegan förunaut, sem við köllum samvisku. Þessi eiginleiki er hverjum manni gefin í upphafi, eins og birtan deginum, og það er hún samviskan, sem á að vera ylurinn og birtan á æfidegi mannsins.

En samviskan er ekki jafn sterangur siðameistari hjá öllum mönnum. Og umhverfið veldur svo miklu um hugsunarháttinn og lífskoðanirnar.

Sá sem elst upp við kærleiksskort og siðleysi alt í kringum sig, mótast oftast af því, og verður þaraf leiðandi hirðulaus gagnvart lagaákvæðum samviskusinnar. Hitt er aðeins einsdæmi að hitta mann úr þannig löguðu umhverfi sem kann að meta

gildi hreinnar samvisku. Það er eins sjaldgæft, eins og að finna laufmikið og angandi tré innanum kyrkingslegan og fúinn skógarreit. Það er mikilmenni á ferðinni, stórmenni (að eðlisfari og uppruna; meira stórmenni heldur en sá sem situr í tignarsæti, og hefur frá blautu barnsbeini átt því láni að fagna, að hafa öll þau ytri skilyrði sem létta undir með manni og styrkja mann í framsóknarbaráttunni; svo sem: auð, metorð og umfram alt, gott uppeldi. En hinn, sem á engan auð, enga stóra ætt, og engin metorð, ekkert nema sjálfan sig, göfuglyndi sitt og hiklausa framkom, hann bakar sér oft óvild og ýmugust hjá náunganum fyrir



sjálfstæði sitt og stefnufestu, því mörgum er auðvitað dauðilla við afhjúpun síns innra manns. „Enginn spámaður er metinn í sínu föðurlandi", það sannast oft á þeim, sem öðrum vilja vísa til vegar, og færa mönnum heim sanninn um, að tískutildrið og hinn breytilegi „móður" sé ekki aðalskilyrðin fyrir réttu líferni. Allir eigum við okkur þrár og eftirlanganir misjafnar að göfgi og þrótti. Allir, eða flestir geta gefið ráð þegar umbóta þarf, en þeir eru færri sem ríða á vaðið með verklegar framkvæmdir, og gefa þannig dæmi til eftirbreytni. Auðvitað er hægra að kenna heilræðin en að halda þau sjálfur, en þótt

svo sé, þá er vonin verndar-
engill, von sem þó er aðeins tál.
En það eru svartsýnu mennirnir
sem ekki kunna að meta gildi
hugsjónanna og vonanna, því
án þeirra er lífið ekkert líf.
Það er vonin sem skapar okkur
framsóknarafl og knýr oss
til framkvæmda á hinum ýmsu
sviðum lífsins; því það er marg-
sannað (að allar framfarir grund-
vallast á góðri trú á fyrirtæk-
inu sjálfu, því „viljinn dregur
hálft hlass“, og vonin ber mann
hálfa leið að takmarkinu.
Landið okkar væri orðið blessað
Gósenland ef framkvæmdir
hefðu ávalt fylgt áformum eftir.
En þó svo sé eigi, þá hefur þó
landið okkar eigi farið alveg var-
hluta af menningaráhrifum frá



öðrum þjóðum, vegir hafa verið
lagðir, brýr byggðar, og marga
fleiri verklegar framfarir.
En — líður okkur nú í raun
og veru nokkuð betur nú en
áður þegar við höfðum svo
lítið af þessari menningu að
segja? Í sambandi við þetta,
dettur mér í hug smásaga, sem
ég álít að hér eigi vel við:
Maður nokkur átti hest, sem
honum þótti mjög vænt um.
Og hann var ánægður í alla staði
með hestinn sinn, og líkaði
hann ágætlega. Einu sinni fékk
nágranni hans hestinn að láni,
en skilaði honum fljótlega aftur,
og lét þess getið að hestinum
væri svo hastur og latgengur, að
hann væri ekki eigandi.

Þegar maðurinn heyrði að aðrir betri hestar væru til þá fyrst varð hann óánægður með sinn gamla hest, og hætti ekki fyr en hann var búinn að eignast annan betri í hans stað.
Skyldi hann nú hafa verið nokkuð sælli með nýja hestinn sinn, heldur en hinn, á meðan hann þekkti eigi annan betri? Getur verið, en ég held þó ekki, því enginn girnist það sem hann veit eigi af. En það væri fjarstæða ef ég segði að hinir nýju tímar hefðu ekki fært okkur margt gott og nytsamt.
En hin andlega menning; hefur henni fleygt fram að sama skapi og hinni verklegu?
Ég er auðvitað ekki fær til úrskurðar í því máli, en þeir



sem hafa opin augun, hljóta þó að reka sig á átakanlegar mótsetningar hvervetna í mannalífinu.
Ef við lítum í kringum okkur, til þjóða þeirra sem taldar eru að vera hæst komnar í menningarstiganum, hvað sjáum við þá! Mundi ekki sumum virðast, sem þar hafi andi eyðileggingar og tortímingar að völdum verið, en ekki andi uppbyggingar og hámenningar?
Eydd héruð og íbúum flúin, óræktaðir akrar, vegnir menn og rjúkandi rústir brendra býla. Hlýtur ekki slík sjón að vekja hugsun í hvers manns huga, og vekja hann til umhugsunar um menningar<u>leysi</u> tuttugustu aldarinnar!

Hefir ekki öllu hugviti snill-
inganna verið beitt í þarfir
valdafíknar, morða og gull-
þorstans á þessum nýafstöðnu
styrjaldartímum! Hafa menn
ekki ennþá gert sér ljóst hvað felst
í þessum orðum! „Hvað stoðar það
manninn þótt hann eignist allan
heiminn ef hann bíður tjón á
sálu sinni."

Og eins þessum:

Hvað stoðar hefð og auður
hvað stoðar snilld og lærdómsgnótt
það er sem aftanroði
sem eyðir döpur nótt.
En trú og dýrmæt dygð,
er djásn sem aldrei fölnar,
og meðal móti hryggð
er mikil borg á lífsins fjalli byggð.
(Ben. Gröndal)

Á. J.



# Bréf

Kæri kunningi!

Það er langt síðan, ég hef
sent þér línu. En letin og ómennsk-
an eru góðar málsbætur fyrir
mig.

Það eru tvennar tíðirnar, eins
og þar stendur. Nú er ólík veðr-
átta og í fyrravetur. Þá gengu
þau í berhögg við búalið,
Frosti, Stormur og Snjóll, öll
léku þau á grófa og kalda
ólíðarstrengi, og söng Stormur
undir, ekki ósjaldan, með sinni
þróttmiklu, en ískölds rödd.
En það má búalið eiga, sér
til hróss, að það varðist með
afbrigðum vel, öllu ólíðar-
áhlaupinu.

víðsvegar um landið.
Ég undrar það stórum, að engin skuli hafa borið blak af Skagfirðingum, og mótmælt ósannindunum, því margir eru vel ritfærir í Skagafirði. Því að segja kunningi, finnst mér við Skagfirðingar samþykkjum þessar ósómasögur, með þögninni.
Ég er alveg hissa á því, að þeir sem setja þessar sögur saman, skuli ekki hafa skáldstyk. þetta eru þó sögur sem vel ganga út. En ekki þarf að kasta miklum peningum út fyrir þær.
Jæja, kunningi þér hlýtur að leiðast þessi langi ótíðarlestur hjá mér, og verð ég því að reyna að skifta um efni.
Stjórnmálahreyfing hefur verið hér lítil um tíma, en það



má búast við, að hún rísi úr rotinu fljótlega, því annar þingmaður okkar Sk.firðinga heldur bráðlega þingmálafundi. Þar eigum við góðan þingmann, áhugasaman framfara-bónda.
Hinn þingm. okkar er sömuleiðis góður þingmaður að mörgu leyti. Áhrifamaður mikill þar sem hann beitir sér.
Allir þingm. munu bæði hafa kosti og lesti, og svo mun það vera með okkar þingmenn.
Mér dettur í hug saga sem einum kjósanda þessa þingm. varð af munni, þegar hann las það í blöðunum að fyrri þingm. okkar (fjármálaráðh.) væri genginn í Langsum flokkinn; þrátt fyrir það, þó hann segðist standa utanflokka, og myndi

En hann var einn — aleinn.
Enginn leitaði félagsskapar
við hann, veslinginn særða;
Allir vinir hans og bræður
höfðu leitað átthaga sinna,
og gleymt honum. Með
brostnar vonir og bilaðan
væng, húrði hann nú í
stórhríðinni, undir dálitilli
mosaþúfu, langt uppi á heiði,
fjarri öllum manna byggðum.
Og litla fuglinn fór að dreyma:
Vorið var komið, með öllum
sínum dásemdum; sólríkum
dögum og angandi blómum,
og litlu farfuglavinir liðu um
loftið, sem titraði af titrá,
og söngur þeirra heyrð alla;
og einn í hópnum var
hann. —



Og minningarnar gægðust fram
hver af annari; ástríkur maki
litlir vinir og kátir og frjálsir
félagar, allt þetta heyrð nú
litla fuglinn með sér langt
aftur í tímann. — Mörg — mörg
sumur hafði hann verið þarna
á heiðinni, elskað og notið,
og nú beið hann hér dauða
síns, og ískaldur hrollur
smaug um sálu hans, svo hann
hrökk upp af blundinum. —
Og stórhríðin hamaðist af
eldmóði.
Var það rödd skaparans sem
hrópaði í storminum? Var
það rödd guðs! Gat það
skeð að hún væri svo miskunn-
arlaus við litla veslinginn,
og alla þá sem nú kvöldust
úti? —

Eða var það aðeins tilfinn-
ingarlaus steindauð náttúran?

Og stórhríðin heldur áfram,
og nú er stormurinn að syngja
líksöng yfir litla fuglinum
því nú er hann dáinn; og
ekki eru líkblæjurnar dökkar,
skjallahvít mjöllin.

En enginn veit um litla
fuglinn, — hann sem hvílir
undir þykkri mjallarbreiðu
langt upp í heiði — með
brostin augu, og brotinn væng.

En lengst inni í blámóðu
eilífðarlandsins, svífur
litli fuglinn á gullnum
vængjum.
Það er vilji guðs.

X

I Ka